

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar

**Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 97/2002 - 482. mál.**

Controlant hf. framleiðir vél- og hugbúnað til rauntímavöktunar á sendingum aðallega í lyfja- og matvælaíðnaði, til að mynda vöktun á bóluefni gegn Covid-19 sjúkdóminum. Á undanförunum tveimur árum hefur félagið ráðið til starfa meira en 300 manns á Íslandi sem mörg hver eru með háskólamenntun í tæknigreinum. Þá hefur Controlant opnað starfstöðvar í Bandaríkjunum og Evrópu.

Controlant fagnar fyrirhuguðum breytingum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem fela í sér sambærileg réttindi, annars vegar fyrir þau sem hljóta tímabundið atvinnuleyfi vegna sérfræðiþekkingar skv. núgildandi 8. gr. og hins vegar fyrir þá erlendu stjórnendur eða sérfræðinga viðskiptafyrirtækja sem hafa starfstöð hér á landi.

Með breytingunni er tekið agnarsmátt skref til handa fyrirtækjum hér á landi til þess að laða að sér sérhæft starfsfólk sem er forsenda innlends vaxtar. Vitundarvakning á mikilvægi nýsköpunar undanfarin ár og jákvæðar breytingar á nýsköpunarumhverfinu hefur tryggt mjög hátt atvinnustig í tæknigreinum, sem þrýstir fyrirtækjum í auknu mæli út fyrir landsteinanna í leit að hæfileikaríku fólki.

Controlant vill því hvetja sérstaklega til þess að stærri skref verði tekin í þessa átt ásamt því að tryggja að málsmeðferðartími hjá bæði Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun verði stytur úr mánuðum í vikur. Án greiðslu gjalds fyrir flýtimeðferð, sem er nokkuð hátt, er meðferðartími svo langur að ráðningar frá svæðum utan EES, verða í raun óhugsandi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Controlant hf.



Hermann Ragnar Björnsson

Controlant hf.  
Holtasmári 1  
201 Kópavogur, Iceland

+354 517 0630  
ID No. 670605-0780



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 16. maí 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis), 482. mál**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 2. maí sl. þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Frumvarpið kveður á um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga varðandi veitingu tímabundinna atvinnuleyfa til einstaklinga sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis með starfsstöð hér á landi. Með breytingunni er starfsfólkinu tryggð sömu réttindi og þeir sem fá tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli 8. gr. laganna. Þar er meðal annars átt við að heimilt verður að veita nánustu aðstandendum þeirra dvalar- og atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar.

Einkageirinn stóð fyrir 80% fjölgunar starfsfólks á árunum 2014-2019 en Íslendingar sinntu 20% af þeirri fjölgun. Lítil fjölgun innlends starfsfólks kallaði á stórfelldan innflutning erlendra starfsmanna á tímabilinu og var fjölgun háskólamenntaðra mest. Á næstu fjórum árum, árin 2022-2025, mun innlendu fólki á vinnualdri fjölga um 3.000 en störfum mun fjölga um hið minnsta 15.000. Þörf fyrir innflutning erlends starfsfólks verður mikil, a.m.k. 12.000 og langflestir þurfa að hafa háskólamenntun eða aðra sérmenntun sem atvinnulífið þarfnast. Sé gert ráð fyrir aðflutningi 12.000 starfsmanna á næstu fjórum árum má ætla að 80% þeirra muni hefja störf í einkageiranum og 20% hjá opinbera geiranum. Ef horft er til samsetningar aðfluttra starfsmanna á árunum 2015-2019 má ætla að rúmur helmingur verði háskólamenntaður. Árleg þörf á næstu árum fyrir innflutt starfsfólk með háskólamenntun verður því 1.600 manns. Stjórnvöld þurfa að bregðast við þessari þörf og laða starfsfólk með viðeigandi hæfni hingað til lands.

Sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu er jákvætt skref í þá átt að laða til landsins sérfræðinga á vinnumarkaði en að mati SA þarf að ganga mun lengra í þessa átt. Enn er gert ráð fyrir samþykki Vinnuálastofnunar og rökstuðningi atvinnurekanda og því hætt við að ferlið verði þungt í vöfum. Þessa þroskulda þarf að afnema. Brýnt er að stjórnvöld marki í framhaldinu heildstæða stefnu til að liðka fyrir ráðningu erlends starfsfólks utan EES svæðisins þannig að brýnni þörf atvinnulífsins á næstu árum verði mætt. Áhrifaríkar aðgerðir í þessum málaflökki munu stuðla að aukinni hagsæld og velferð. Íslensk stjórnvöld ættu að horfa til Kanada þar sem skilningur ríkir um mikilvægi erlendra sérfræðinga í atvinnulífinu. Þar er unnið með virkum hætti að því



að afnema hindranir sem eru til staðar í regluverki til þess að gera umhverfið meira aðlaðandi fyrir erlenda sérfræðinga.

Aukin atvinnuréttindi útlendinga auðga menningu Íslendinga og hafa jákvæð áhrif á efnahag landsins. Það er mikill ávinningur fólgin í því að lagalegar hindranir sem mæta útlendingum sem kjósa að starfa hérlandis séu skoðaðar heildstætt og að leitað sé allra leiða til að draga úr þeim þar sem það er mögulegt.

**Virðingarfyllst,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

*Heiðrún B. Gísladóttir*

Heiðrún Björk Gísladóttir